

**Nd.**

## **418. Frumvarp til laga**

um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

### **1. gr.**

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar og dráttarbrautar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 580000.00 — fimm hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn  $\frac{3}{5}$  hlutum úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

### **2. gr.**

2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 870000.00 — átta hundruð og sjöttíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar og byggingar dráttarbrautar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirmun sjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnuáráðuneytið samþykkir.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta felur í sér þá aðalbreytingu á núgildandi hafnarlögum Neskaupstaðar, að fjárhæðin, sem gert er ráð fyrir, að verið verði úr ríkissjóði til hafnarframkvæmdanna, er hækkuð um kr. 280000.00 og ábyrgðarheimild ríkisins fyrir mótfamlagi kaupstaðarins hækkuð tilsvareandi. Þá er einnig gert ótvírætt, að heimilt sé að verja fé samkvæmt hafnarlögum til byggingar dráttarbrautar.

Fjárupphæðir hafnarlaganna eru þegar orðnar of lágar vegna þeirra hafnarframkvæmda, sem unnar hafa verið og yfir standa. Auk þess hefur svo bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkt að efna til mjög verulegra umbóta á höfninni með byggingu hafnargarðs á Neseysi. Einnig hefur bæjarstjórn ákveðið að byggja dráttarbraut á vegum hafnarsjóðs.

Framangreindar ástæður gera það nauðsynlegt, að hafnarlögum Neskaupstaðar verði breytt eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.